

## FRAMHALDSKÓLASÝNINGAR VOR 2018

AMARCORD 15. janúar

THE SIXTH SENSE 22. janúar

TAXI DRIVER 29. janúar

NO COUNTRY FOR OLD MEN 5. febrúar

THE SEVENTH SEAL 12. febrúar

BLADE RUNNER 19. febrúar

### STOCKFISH HÁTÍÐIN Í BÍÓ PARADÍS

FESTEN 5. mars - Valdís Óskarsdóttir verður viðstödd og segir frá klippingunni í myndinni.

BLACK SWAN 12. mars

PULP FICTION 19. mars

### PÁSKAFRÍ

LOST HIGHWAY 9. apríl

HOLY SMOKE 16. apríl

Verkefnisstjóri: Oddný Sen

Skráningar: [oddnysen@gmail.com](mailto:oddnysen@gmail.com)



## AMARCORD



**TEGUND OG ÁR:** Gamanmynd, drama, 1973

**FRAMLEIÐSLULAND:** Ítalía

**LENGD:** 124 mín

**LEIKSTJÓRI:** Federico Fellini

**LEIKARAR:** Pupella Maggio, Magalie Noël, Armando Brancia

**TUNGUMÁL:** Ítalska með enskum texta

Amarcord segir frá unglíngnum Titta sem elst upp í ítalska þorpínu Borgo San Giuliano á fjórða áratugnum þegar fasistar réðu ríkjum á Ítalíu. Myndin er öðrum þræði sjálfssævisaga Fellinis og dregur upp spegilmynd af horfnum tíðaranda.

Federico Fellini (1920-1993) var einn af áhrifamestu og virtustu leikstjórum 20. aldar. Hann hóf feril sinn undir áhrifum frá ítalska nýraunsæinu en hvarf frá því eftir að hann gerði La Dolce vita árið 1960. Í myndum hans blandast draumar, ímyndanir og minningar saman, en stutt er í ádeílur og gagnrýni á ítalskt þjóðfélag.

Amarcord hlaut Óskarsverðlaunin sem besta erlenda myndin árið 1973 og var að auki tilnefnd til tveggja Óskarsverðlauna fyrir bestu leikstjórnina og besta handritið.

## THE SIXTH SENSE



TEGUND OG ÁR: Hrollvekja, 1999

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LENGD: 110 mín

LEIKSTJÓRI: M. Night Nhyamalan

LEIKARAR: Bruce Willis, Haley Joel Osment, Toni Collette

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

Í myndinni segir frá barnasálfræðingnum Malcolm Crowe, sem verður fyrir árásum frá óánægðum sjúklingi sama kvöld og hann fær verðlaun. Hann tekur síðan að sér að hjálpa ungum dreng, sem virðist vera gæddur yfirnátúrulegum hæfileikum og sér látið fólk. Drengurinn verður fyrir miklu einelti af þessum sökum og móðir hans er orðin örvæntingarfull þar sem erfiðlega gengur að koma drengnum til hjálpar. Hann segir Crowe að hinir látnu biðji hann um að gera sér greiða og reynir Crowe að gera allt sem í hans valdi stendur til að hjálpa honum.

Hér er um óvenjulega hrollvekju að ræða þar sem sagnaminnið er sótt í klassískar draugasögur frá fyrri tíð. Myndin var tilnefnd til sex Óskarsverðlauna og fjögurra British Academy Film-verðlauna.

## TAXI DRIVER



TEGUND OG ÁR: Leikin mynd, nýrökkurmynd,1976

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LENGD: 113 mín

LEIKSTJÓRI: Martin Scorsese

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta

Taxi Driver er ein þeirra kvikmynda sem marka djúp spor í kvikmyndasöguna og braut blað í bandarískri kvikmyndasögu. Hún segir frá Travis Bickle (Robert de Niro) uppgjafahermanni úr Víetnamstríðinu sem ekur leigubíl í New York. Hann er bölsýnn einfari sem þjáist af svefnleysi og hugsar stöðugt um versnandi heim. Hann hrífst af konu sem vinnur við kosningabaráttu þingmanns og í framhaldi af því ákveður hann að láta til sín taka og gera heiminn betri.

Eitt af þeim verkefnum sem Travis er staðráðinn í að framkvæma er að hjálpa Iris, tólf ára gamalli vændiskonu. Iris er leikin af Jodie Foster, en geðtruflaður maður að nafni John Hinckley fékk þráhyggju fyrir leikkonunni og reyndi að ráða Ronald Reagan af dögum sem þá var forseti.

Myndin hlaut Gullpálmann í Cannes 1976 og var tilnefnd til fjögurra Óskarsverðlauna.

## NO COUNTRY FOR OLD MEN



TEGUND OG ÁR: Vestri, nýrökkurmynd, 2007

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LENGD: 122 mín

LEIKSTJÓRI: Joel og Ethan Coen

LEIKARAR: Josh Brolin, Tommy Lee Jones, Javier Bardem

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

No Country for Old men er byggð á samnefndri skáldsögu Cormac McCarthy. Myndin segir frá veiðimanninum Llewellen Moss, sem finnur háa fjárhæð í reiðufé, eiturlyf og lík skammt frá Rio Grande. Í stað þess að láta lögregluna fá peningana, ákveður hann að halda þeim fyrir sjálfan sig. Þá kemur til skjalanna leigumorðinginn Chigurh (Javier Bardem) Þriðja sögupersónan er fógetinn Ed Torn Bell (Tommy Lee Jones) sem er yfir rannsókn málsins. Myndin hlaut Óskarsverðlaunin, Baftaverðlaunin og tvö Golden Globe verðlaun.

Coen-bræður halda uppi hefð höfundarleikstjóra í Bandaríkjunum og kanna meðal annars menningarheima minnihlutahópa og kynþátta. Þeir nota augnablik úr bandarískri menningu á ýmsum tímum og persónurnar nota sérstaka mállýsku sem var notuð á þeim tímum, auk þess sem þeir bræður brjóta upp staðalímyndir tegunda mynda, þar á meðal í No Country for Old Men.

## THE SEVENTH SEAL



**TEGUND OG ÁR:** Söguleg fantasía, 1957

**FRAMLEIÐSLULAND:** Svíþjóð

**LENGD:** 96 mín

**LEIKSTJÓRI:** Ingmar Bergman

**LEIKARAR:** Max von Sydow, Bengt Ekerot

**TUNGUMÁL:** Sænska með enskum texta

Sjöunda innsiglið gerist í Svíþjóð á miðöldum þegar svartidaudi geysar og segir frá riddara sem teflir við Dauðann sem er kominn til að binda enda á líf hans. Í myndinni er vísað í Opínberunarbók Jóhannesar þar sem lambið lýkur upp sjöunda innsiglinu: „Þegar lambið lauk upp sjöunda innsiglinu, varð þögn á himni hér um bil hálfra stund.“ Bergman reifar hér hugleiðingar um Guð og tilvist mannsins sem er stærsta tema myndarinnar.

Sjöunda innsiglið kom Bergman á kortið sem einum merkasta leikstjóra sögunnar og hlaut dómnefndarverðlaunin í Cannes. Mörg atriði í myndinni eru orðin klassísk og hefur verið vísað í mörgum kvikmyndum.

## BLADE RUNNER



TEGUND OG ÁR: Vísindaskáldsögumynd, nýrökkurmynd, 1982

LENGD: 116 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: BANDARÍKIN

LEIKSTJÓRI: Ridley Scott

AÐALHLUTVERK: Harrison Ford, Rutger Hauer, Sean Young, Darryl Hannah.

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta

Blade Runner er klassísk nýrökkur/vísindaskáldsögumynd sem sækir í fræg kvikmyndaverk frá fyrri tímum eins og rökkurmyndir fjórða áratugarins og Metropolis (1928) eftir Fritz Lang. Myndin er byggð á vísindaskáldsögunni Do Androids Dream of Electric Sheep eftir Phillip K. Dick. Hún gerist í Los Angeles árið 2019 þar sem ríkir stöðugt myrkur og rigning, en mannkynið hefur eyðilagt jörðina og búið sér nýlendur á öðrum hnöttum.

Spár um erfðatækni og japönsk yfirráð á markaði sem voru vinsælar á áttunda áratugnum hafa gengið eftir og svokallaðar eftirmyndir, sem eru í mannlíki, eru hannaðar og sendar út í geiminn til ýmissa starfa. Margar þeirra sleppa til jarðarinnar og sérstakir lögreglumenn eru þjálfaðir til að leita þær uppi og fjarlægja þær. Einn þeirra, Rick Deckard er fenginn til að leita uppi hættulegar eftirmyndir sem talið er að geti þróað með sér tilfinningar. Spurningin er hins vegar hvort Deckard sjálfur sé maður eða eftirmynd og sama máli gegnir um konuna sem hann verður ástfanginn af, Rachel.

## FESTEN



**TEGUND OG ÁR:** Leikin mynd, 1998

**LENGD:** 105 mín

**FRAMLEIÐSLULAND:** DANMÖRK

**LEIKSTJÓRI:** Thomas Vinterberg

**AÐALHLUTVERK:** Ulrich Thomsen, Henning Moritzen, Thomas Bo Larsen

**TUNGUMÁL:** Danska með enskum texta

Festen fjallar um kynferðisofbeldi í fjölskyldu og þöggun á áleitinn og nærfærinn hátt. Í tilefni af sextugsafmæli Helge (Henning Moritzen) kemur fjölskyldan saman til að halda upp á afmæli hans í kastala. Áhorfandinn kynnist börnum Helge sem hefur farnast misjafnlega í lífinu. Þegar elsti sonur Helge heldur örlagaþrungna ræðu kemur sannleikurinn um vel falin leyndarmál í ljós.

Thomas Vinterberg er einn af þeim dönsku kvikmyndaleikstjórum sem er upphafsmaður Dogme 95 hreyfingarinnar ásamt Lars Von Trier, Kristian Levring og Sören Kragh-Jacobsen, en stefnan kallaði eftir einfaldleika í frásagnarsítil og hugsuð sem andóf gegn ofurtæknivæddri kvikmyndagerð samtímans. Vinterberg er einn af vönduðustu leikstjórum Danmerkur en hann gerði meðal annars Jagten árið 2012.

Valdís Óskarsdóttir klippti myndina og mun vera viðstödd sýninguna.



## BLACK SWAN



TEGUND OG ÁR: Sálfræðitryllir, 2010

FRAMLEIÐSLULAND: Bandaríkin

LENGD: 108 mín

LEIKSTJÓRN: Darren Aronofsky

LEIKARAR: Natalie Portman, Vincent Cassel, Winona Ryder

TUNGUMÁL: Enska með íslenskum texta

Svarti svanurinn segir frá dansaranum Ninu sem starfar í New York City dansflokknum. Hún býr hjá móður sinni, sem sjálf var dansari og er mjög metnaðargjörn fyrir hönd Ninu. Nýr ár er að hefjast hjá dansflokknum með hinum heimsfræga ballett Svanavatnið eftir Tchaikovsky. Nina vill fá aðalhlutverkið og dansa bæði hvíta og svarta svaninn, en gengur erfiðlega að túlka munúð og slægð svarta svansins. Annar dansari veitir henni jafnframt harða samkeppni.

Darren Aronofsky hóf feril sinn með myndinni Pi 1997 og vakti síðan mikla athygli fyrir næstu mynd sína, Requiem for a Dream árið 2000. Natalie Portman hlaut bæði Óskarsverðlaunin og Golden Globe-verðlaunin fyrir leik sinn í myndinni.

## PULP FICTION



TEGUND OG ÁR: Leikin mynd, 1994

LENGD: 155 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: BANDARÍKIN

LEIKSTJÓRI: Quentin Tarantino

AÐALHLUTVERK: John Travolta, Samuel L. Jackson og Uma Thurman

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta

Pulp Fiction er talin með áhrifamestu kvikmyndum tíunda áratugs síðustu aldar. Hún var tilnefnd til sjö Óskarsverðlauna og hlaut Óskarinn fyrir besta handrit og Gullpálmann í Cannes.

Myndin fjallar um glæpamenn í Los Angeles, Jules (Samuel L. Jackson) og Vincent (John Travolta) en þeir eru skósveinar undirheimaforingjans Marcellusar (Ving Rhames). Marcellus skipar Vincent að fara út með eiginkonu hans, Mia (Uma Thurman), þegar hann er ekki í bænnum. Samtímis krefst Marcellus þess að Butch (Bruce Willis) tapi hnefaleikakeppni og mútar honum með vænni fjárfúlgju, en Butch svíkur hann eins og seinna verður vikið að.

Í rauninni er þremur sögum fléttað saman í eina og myndinni skipt í fimm kafla í rangri tímaröð. Áhorfandinn þarf því að leggja dálítið á sig til að setja söguna saman í huganum og það er eitt af því marga sem greinir Pulp Fiction frá Hollywoodmyndum samtímans þar sem framvindan er fyrirsjáanleg.

## LOST HIGHWAY



TEGUND OG ÁR: Leikin mynd, sálfræðitryllir, nýrökkurmynd, 1997

LENGD: 135 MIN

FRAMLEIÐSLULAND: BANDARÍKIN

LEIKSTJÓRI: David Lynch

AÐALHLUTVERK: Bill Pullman, Patricia Arquette, John Roselius

Myndin segir frá saxafónleikara og konu hans sem fá send dularfull myndbönd þar sem einhver hefur myndað þau sofandi. Síðan hitta þau dularfullan mann í veislu sem virðist geta verið á tveimur stöðum í einu.

Kvikmyndir David Lynch einkennast af því sem hefur verið kalla "Nýjar bandarískar goðsagnir" en í myndum Lynch má finna beinar vísanir í goðsagnir og frásagnir úr bandarísku þjóðlífi, hvort sem þær gerast í smábæ eða í Hollywood. Mikið er um þjóðvegi, úthverfi, kúreka, matstofur, sápuóperur og sjónvörp.

Kjarninn í myndunum er oft lífið í smábæjum, galdrar og goðsagnir enundir kraumar ofbeldi, hryllingur og alls kyns óeðli. Lynch kannar þessar þverstæður í gegnum persónusköpunina þar sem mörk draums og veruleika eru oft á tíðum óskýr.

## HOLY SMOKE !



TEGUND OG ÁR: Gamanmynd, 1999

LENGD: 115 mín

FRAMLEIÐSLULAND: ÁSTRALÍA

LEIKSTJÓRI: Jane Campion

ADALHLUTVERK: Kate Winslet, Harvey Keitel, Julie Hamilton

TUNGUMÁL: Enska með enskum texta

Myndin fjallar um hina áströlsku Ruth Barron, sem fer til Indlands með vinkonum sínum og gerist áhangandi sértrúarhóps. Móðir hennar fær P. J. Waters frá Bandaríkjunum til að hjálpa Ruth, en Waters er ráðgjafi sem sérhæfir sig í að bjarga fólki úr sértrúarhópum. Hann fer með Ruth í afvikinn skála til að aðferðir hans takist sem best, en brátt snúast hlutverkin við.

Leikstjóri myndarinnar, Jane Campion, er frægust fyrir verðlaunamyndina Píanóið frá 1993, en Holy Smoke! var tilnefnd til Gullljónsins í Feneyjum.

Oddný Sen tók saman

